

með dæmisögunni, þar sem hann líkir konungsstjórn við dúfnahóp, er léti stjórnast af dúfnunna, er bæði væri haltur og vængbrotinn, er ekkert gæti gert nema skipa fyrir.

Hefði Paley getað hugsað sér dúfnahóp, sem hvorki lætur stjórnast af þeim stærsta eða smærsta í hópnum, en hlýðir ótilkvatt lögum Apríls og Októbers, eftir því sem Náttúran sjálf býður, þá hefði hann skilið hvað orðið Þjóðstjórn þjóðir, hvað samvinna er, hver sé hinn virkilegi „ríkdómur“ „þjóðrikisins,.. Hann hefði þá getað séð hvað úr því fólki yrði, er engan konung á nema guð þann, er leiðbeina vill öllum sínum börnum. Paley hefði þá skilið það, sem stjórnfræðingar, sem mentast og alist hafa upp undir konungsstjórn, geta aldrei lært að skilja—hann hefði skilið það, að Þjóðstjórn hvorki gerir ráð fyrir konungi, keisara, flokkstjóra eða hundradshöfðingja, né þarf á þeim að halda. Eins lengi og það er Almaña-stjórn fyrir Almennung getur orðið „stjórn“ jafnvel verið afvegaleiðandi og ollað misskilningi.

Í fleiri en helming þeirra tilfella, þar sem ég hefi séð Þjóðstjórn lýst, er svo tekið til orða, að það sé það stjórnarfyrikomulag þar, sem Almennungur velji sér sína Yfirboðara. Í sannleika þar, sem Þjóðstjórn er, þar velur Almennungur sér ekki Yfirboðara. Almennungur er sinn eigin Herra, en velur sér að eins þjónustumenn, er hann felur ýmsa sýslu.

Almennungur lætur hvern sjálfráðan í því er snertir hann mest, að hugsa fyrir sínum eigin hag. Undir Þjóðstjórn, til dæmis, ef drengir í fimta bekk í sextánda deild í lýðskólanum langa til að stofna knattleikarafélag, þá koma þeir saman á tröppunum við skólahússdyrnar og stofna það. Þeir velja sér forseta, tvo varaforseta, skrifara, féhirðir og framkvæmdarnefnd. Þeir þurfa ekki að senda til Parísar eða Berlínur eða Pétursborgar til þess að fá leyfi til að halda fundi. Alveg á sama hátt koma læknar saman á fundi, skipa í nefndir, gera þær rannsóknir sem þeim sýnist um mýflugnabit, eða gulusýki, eða kólera, eða sóttgæzlu. Þeir spyrja engan um leyfi. Þeir fara eftir eigin hugboði, eðliskröfu, og sannfæringu í því efni. Ellegar ef seytján manna halda þeir hafi uppgötvað það að